

Vinir Snæfellsjökuls-Hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls **Fundargerð fyrsta stjórnarfundar.**

Stjórn Hollvinasamtaka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls-Vinir Snæfellsjökuls kom saman til fundar í skrifstofu Þjóðgarðsins að Klettsbúð 7 Hellissandi, kl.14.00 þriðjudaginn 3. Júlí 2012. Mætt voru Sturla Böðvarsson sem kjörinn var formaður á stofnfundi, Kristinn Jónasson sem kjörinn var varaformaður á stofnfundi, Gísli Ólafsson, Gyða Steinsdóttir og Guðbjartur Gunnarsson sem kjörin voru meðstjórnendur á stofnfundinum. Þá sat fundinn Elín Sigríður Óladóttir starfsmaður Þjóðgarðsins sem hefur verið tilnefnd af þjóðgarðsverði sem tengiliður við stjórn Hollvinasamtakanna.

1. Formaður setti fund og bar upp boðaða dagskrá fundarins og var hún samþykkt.
2. Í samræmi við lög Hollvinasamtakanna var tekin fyrir dagskrárliðurinn kosning gjaldkera og ritara. Gyða Steinsdóttir var kjörin gjaldkeri og Guðbjartur Gunnarsson var kjörinn ritari.
3. Fundargerð stofnfundar sem og lög samtakanna voru yfirfarin og staðfest með undirritun stjórnar. Verður sótt um skráningu samtakanna og lögð fram þau gögn sem til er ætlast í því sambandi. Formanni falið að sjá um skráningu samtakanna sem og opnun bankareiknings fyrir samtökin í samráði við gjaldkera. Þróunarfélag Snæfellinga hefur boðið fram aðstoð vegna reikningshalds og umsýslu í samstarfi við Deloitte ehf. endurskoðunarskrifstofuna í Snæfellsbæ sem sinnir Þróunarfélaginu samkvæmt sérstökum samningi.
4. Listi yfir stofnaðila lagður fram. Ákveðið að fara vel yfir lista um hollvini og bjóða fólki að bæta nöfnum sínum á listann og verða stofnfélagar. Stjórnin samþykkti að leita eftir styrktaraðilum og þá helst öflugum fyrirtækjum sem væru tilbúin til þess að standa að stuðningi við verkefni félagsins. Kanna þarf reynslu og fordæmi annarra af slíkum styrktaraðilum.
5. Fjármál samtakanna rædd og farið yfir helstu tekjuöflunarleiðir. Í því samhengi voru ýmsar leiðir ræddar og var samþykkt að gera ráð fyrir því að einstaklingar gætu orðið styrktaraðilar með framlagi að upphæð kr. 5.000,-. Beiðni um styrk verði send öllum hollvinum samtakanna. Umhverfisstofnun hefur gefið fyrirheit um að veita styrk að upphæð kr. 150.000 til þess að koma verkefninu af stað.
6. Kynning á rekstri og starfsmannahaldi Þjóðgarðsins. Elín Sigríður Óladóttir starfsmaður Þjóðgarðsins gerði grein fyrir helstu þáttum í starfsemi Þjóðgarðsins Snæfellsjökull. Tveir starfsmenn eru fastráðnir allt árið, en um sumartímamann eru fleiri og í sumar eru 11 starfsmenn. Aðsókn

að Vatnshelli er mikil en umferðin um þjóðgarðinn er mis mikil eftir svæðum og talið mikilvægt að leitast við að dreifa álaginu. Þá kom fram að talið er nauðsynlegt að gera rannsókn á því hvernig álagið dreifist og að gera verði þolmarka greiningu á svæðinu. Þá var rætt um hvernig auka megi tekjur af þjónustu innan svæðisins og hvort lengja eigi opnunartíma. Þá var rætt um samstarf við ferðaþjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja sem best þá þjónustu sem sóst er eftir. Einnig var rætt um nauðsyn þess að stækka bílastæði, bæta aðstöðu á útsýnisstöðum og huga að skiltum til þess að bæta upplýsingagjöf.

7. Elín Sigríður kynnti undirbúning og stöðu framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð. Fram kom að áhersla er lögð á að koma af stað framkvæmdum við miðstöðina svo beina megi þjónustunni við gesti inn á það svæði sem er ætlað að verða megin móttöku og þjónustustaðurinn við mörk þjóðgarðsins að norðanverðu. Elín Sigríður tók að sér að afla upplýsinga frá Umhverfisstofnun um reglur sem í gildi eru í öðrum þjóðgörðum varðandi styrktaraðila o.fl.
8. Verkefni Hollvinasamtakanna rædd og tekin afstaða til helstu viðfangsefna samtakanna. Rætt var um nauðsyn þess að allir þjóðgarðar hefðu sömu stöðu innan stjórnkerfisins. Gert ráð fyrir því að taka það mál upp við þá aðila sem fara með mál þjóðgarðsins innan stjórnkerfisins.
9. Önnur mál. Undir þessum dagskrálið var rætt um að halda samkeppni um „Logo“ fyrir hollvinasamtökin, um að halda málþing um helstu verkefni, um að leita eftir styrkjum til Hollvinasamtakanna frá sveitarfélögunum, um að efna til ljósmyndasamkeppni. Þá var rætt lauslega um nauðsyn þess að vinna að rannsóknum í þjóðgarðinum og um verndun og nýtingu innan marka þjóðgarðsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.